

UMF TINDASTÓLL

Stofnað 1907



Ársskýrsla 2013

Efnisyfirlit

Lög Ungmennafélagsins Tindastóls.....	4
Gildandi skuldbindingar.....	7
Ársskýrsla Ungmennafélagsins Tindastóls árið 2013.....	8
Skýrsla aðalstjórnar.....	9
Íþróttamaður ársins	11
Áritun skoðunarmanna.....	14
Ársreikningur aðalstjórnar	15
Skýringar.....	17
Skýrsla stjórnar knattspyrnudeildar	19
Ársreikningur knattspyrnudeildar	26
Skýrsla stjórnar körfuknattleiksdeildar	28
Ársreikningur körfuknattleiksdeildar.....	30
Skýrsla stjórnar unglíngaráðs körfuknattleiksdeildar	32
Ársreikningur unglíngaráðs körfuknattleiksdeildar	33
Skýrsla stjórnar frjálssíþróttadeildar.....	35
Ársreikningur frjálssíþróttadeildar	37
Skýrsla stjórnar sunddeildar.....	39
Ársreikningur sunddeildar	41
Skýrsla stjórnar skíðadeildar.....	43
Ársreikningur skíðadeildar.....	45
Minningasjóður um Rúnar Inga Björnsson.....	47
Ársreikningur Minningasjóður um Rúnar Inga Björnsson	48

Lög Ungmennafélagsins Tindastóls

1. grein. Heiti félagsins :

Félagið heitir Ungmennafélagið Tindastóll, skammstafað U.M.F. Tindastóll. Lögheimili þess er Sauðárkrókur. Merki þess er hvítt T í jafnarma þríhyrningi í bláum og rauðum grunni

2. grein. Tilgangur félagsins :

Að vernda og efla stjórnarfarslegt, menningarlegt og fjárhagslegt sjálfstæði Íslendinga og vekja virðinu þeirra fyrir þjóðernislegum verðmætum sínum.

Að hjálpa félagsmönnum og öðrum æskulýð til aukins þroska með fræðslu og íþróttastarfsemi, og til íhugunar um þjóðnytjamál og vinna að framgangi þeirra.

Að stuðla að bindindi og vernda ungmenni landsins gegn neyslu áfengra drykkja og eiturlyfja og vinna að heilbrigðu skemmtana – og félagslífi.

Að vinna að bættri lífsafkomu þjóðfélagsþegna.

Að beita sér fyrir uppgræðslu, skógrækt og náttúruvernd.

Að vinna að því að skapa í hvívetna heilbrigðan hugsunarhátt meðal æskulýðs, í fjármálum, heilsuverndun og fegrun móðurmáls.

3. grein. Starfsaðferðir :

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með fundarhöldum, íþróttaiðkunum, blaðaútgáfu og annarri félagsmálastarfsemi. Ennfremur að halda í fjölbreytt námskeið og vinna að ýmsum framkvæmdum eftir því sem þurfa þykir.

4. grein. Innganga og úrsögn :

Félagar geta allir orðið, sem lagt hafa fram skriflega inntökubeiðni, með upplýsingum um fullt nafn, kennitölu og heimilisfang. Þó skulu unglingar innan 18 ára aldurs leggja fram skriflegt leyfi a.m.k. annars foreldris eða forráðamanns til inngöngu. Þegar þessi skilyrði hafa verið uppfyllt er umsækjandi þegar fullgildur félagi. Jafnframt verða allir þeir sem opinberlega keppa undir merki félagsins sjálfkrafa félagar.

Úrsögn úr félaginu skal tilkynna skriflega til aðalstjórnar.

Halda skal skrá yfir alla meðlimi félagsins, svo séð verði á hverjum tíma hverjir eru fullgildir félagar.

5. grein. Félagsgjöld :

Félagar skulu greiða árgjald til félagsins. Skal það ákveðið á aðalfundi ár hvert. Árgjald rennur í aðalsjóð félagsins.

6. grein. Deildir :

Iðkendum hverrar íþróttagreinar er heimilt að mynda deildir innan félagsins. Hver íþróttadeild skal hafa sérstaka stjórn og aðskilin fjárhag. Skal hver deild sjá um sig sjálf fjárhagslega og hafa tekjur að ágóða móta og kappleikja í viðkomandi grein, svo og af öðrum fjáröflunum, sem hún tekur sér fyrir hendur í samráði við aðalstjórn. Stjórn hverrar deildar annast rekstur hennar.

Að öðru leyti lúta deildirnar sameiginlegri aðalstjórn félagsins, sem fer með æðsta vald í málum þess milli aðalfunda.

Ákvörðun um stofnun nýrrar deildar innan félagsins verður aðeins tekin á aðalfundi.

7. grein. Stjórn :

Stjórn félagsins skipa 5 menn; formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður og meðstjórnandi. Skulu þeir kosnir á hverjum aðalfundi, formaður skal kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum. Formaður stjórnar fundum eða skipar aðra félagsmenn til þess. Ritari heldur gjörðabók félagsins og ritar fundargerðir. Gjaldkeri innheimtir tekjur og greiðir gjöld félagsins. Gjaldkeri heldur reikninga félagsins. Reikningsár félagsins er almanaksárið 1. janúar til 31. desember.

8. grein. Aðalfundur :

Aðalfundur félagsins skal haldinn á tímabilinu frá 15. febrúar til 15. apríl ár hvert, og skal þar kosin stjórn, 2 endurskoðendur og nefndir félagsins fyrir næsta ár, og endurskoðaðir reikningar síðasta árs bornir upp til samþykktar. Fráfarandi stjórn skal á aðalfundi leggja fram ársskýrslu og skýra frá starfi og hag félagsins undanfarið starfsár.

Aðalfundur skal boðaður með minnst viku fyrirvara og er hann lögmætur, sé löglega til hans boðað.

Aðalfundur úrskurðar um meint brot á félagslögum og ákvarðar viðurlög.

Aukaaðalfund skal boða með sama hætti og reglulegan aðalfund. Reglur um aðalfund gilda, eftir því sem við á, um aukaaðalfund. Þó skulu lagabreytingar, stjórnarkjör og stofnun nýrra deilda, aðeins fara fram á reglulegum aðalfundi.

9. grein. Félagsfundir :

Félagsfund skal boða ef a.m.k. 20 félagsmenn krefjast þess eða þegar aðalstjórn ákveður.

10. grein. Heimild stjórnar :

Heimilt er stjórn að skipa í nefndir milli aðalfunda er þurfa þykir. Allir félagar í U.M.F.Í. hafa málfrelsi og tillögurétt á félagsfundum.

11. grein. Verkefni stjórnar :

Aðalstjórn skal vinna að því að efla félagið á allan hátt og gæta hagsmuna þess út á við. Hún skal einnig samræma starfsemi félagsins inn á við og hafa eftirlit með starfsemi deildanna. Hún hefur umráðarétt yfir eignum félagsins og markar stefnu þess í öllum veigamiklum málum. Hún skal þó jafnan hafa samráð við stjórnir deildanna um mál er þær varðar sérstaklega.

12. grein. Stjórnir deilda :

Hver deild innan félagsins skal hafa sérstaka stjórn, sem skipuð er þremur mönnum hið fæsta. Skulu þeir kosnir á aðalfundum deildanna, en hver deild skal halda aðalfund árlega. Reglur um fundarboðun, lögmæti fundar og dagskrá, sem gilda um aðalfund félagsins, gilda einnig um aðalfundi deildanna, eftir því sem við á. Að loknum aðalfundi hvernar deildar og eigi síður en 15. febrúar ár hvert, skulu stjórnir deildanna skila aðalstjórn skýrslu sinni um starfsemi viðkomandi deildar, ásamt endurskoðuðum og samþykktum reikningum deildarinnar.

Aðalstjórn skal taka helstu atriði úr skýrslum deildanna upp í skýrslu sína á aðalfundi félagsins.

Vanræki íþróttadeild að halda aðalfund á lögákveðnum tíma, skal aðalstjórn félagsins boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

Einstakar deildir skili rekstraruppgjöri til aðalstjórnar á fjögurra mánaða fresti 30. apríl, 31. ágúst og 31. desember ár hvert.

13. grein. Formannafundur :

Eigi sjaldnar en þrisvar á ári skal aðalstjórn félagsins halda fundi með formönnum deildanna, þar sem þeir gera stjórninni grein fyrir starfsemi deildanna. Á fundum þessum skal einnig ákveða skiptingu styrkja og annarra tekna aðalsjóðs félagsins milli deildanna og samræma starfsemi þeirra. Komi upp ágreiningur milli einstakra deilda, sker aðalstjórn úr.

14. grein. Eignir félagsins :

Allar eignir félagsins, hvort sem þær eru í umsjá aðalstjórnar eða einstakra deilda, er sameign félagsins. Hætti íþróttadeild starfsemi, skal stjórn hennar afhenda aðalstjórn allar eignir hennar svo og fundargerðarbækur og hverskonar gögn, sem varpa starfsemi hennar. Verðlaunagripir og verðmæt skjöl skulu ávallt vera í vörslu aðalstjórnar.

15. grein. Skuldsetning félagsins :

Óheimilt er að skuldsetja félagið eða einstakar deildir þess nema með samþykki meirihluta aðalstjórnar. Stofni einstakar deildir fjárhagslega skuldbindingu án þessa samþykkis verða þær á ábyrgð þeirra sem til þeirra stofna og félaginu óviðkomandi.

16. grein. Heiðursveitingar :

Heiðursfélagsmerki U.M.F. Tindastóls. Aðalfundur hefur heimild til að kjósa heiðursfélaga að tillögu stjórnar, en umræður um uppástungu að heiðursfélaga skulu ekki leyfðar. Við þá samþykkt þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Heiðursfélögum skal við hátíðlega athöfn afhent heiðursmerki U.M.F. Tindastóls úr gulli, sem er æðsta heiðursmerki ungmennafélagsins. Viðtakandi verður að hafa unnið mikið og samfellt starf fyrir U.M.F. Tindastól.

Starfsmerki U.M.F. Tindastóls má veita fyrir frábært átak eða afrek í félagstörfum, skipulagstörfum, framkvæmdastjórn eða á íþróttasviðinu. Til grundvalla þarf ekki að liggja langt samfellt starf.

Gestamerki U.M.F. Tindastóls má veita aðilum utan félagsins, sem í verki hafa sýnt því sérstakan sóma og velvild.

17. grein. Lagabreytingar :

Engu má breyta í lögum þessum nema á aðalfundi og þá með 2/3 hluta greiddra atkvæða. Greini lög þessi á við sambandslög U.M.F.Í eru sambandslögin réttari meðan félagið er í U.M.F.Í.

18. grein. Gildistaka :

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi öll eldri lög félagsins.

Samþykkt á aðalfundi 16. apríl 2002.

Gildandi skuldbindingar

Hlutfallsskipting tekna

- Knattspyrnadeild 35%
- Körfuknattleiksdeild 35%
- Frjálsíþróttadeild 14%
- Skíðadeild 7%
- Sunddeild 7%
- Almenningsíþróttadeild 0%
- Aðalstjórn 2%

Aðalstjórn og deildir

- Styrkur frá Sparisjóð Skagafjarðar er í einum heildarsamningi við Aðalstjórn félagsins.

Deildir

- 75% af styrkjum Sparisjóðs Skagafjarðar (2.500.000 á ári) skulu fara í barna- og unglíngastarf.
- 75% af styrkjum Kaupfélags Skagfirðinga (4.200.000 á ári) skulu fara í barna- og unglíngastarf.
- Skilti sem Sparisjóður Skagafjarðar skaffar skal vera á íþróttaleikvangi, íþróttahúsi og á skíðasvæðinu í Tindastóli.
- Fáni sem Sparisjóðs Skagafjarðar skaffar skal vera sýnilegur þar sem við verður komið á íþróttaviðburðum.
- Merki Sparisjóðs Skagafjarðar skal vera á aðalsíðu www.tindastoll.is sem og á öllum deildarsíðum.
- Merki Sparisjóðs Skagafjarðar verði sett á keppnisbúninga og/eða utanyfirgalla yngri flokka Tindastóls eftir nánara samkomulagi við deildir.
- Auglýsing Sparisjóðs Skagafjarðar skal vera á dagatali Skíðadeildar.

Ársskýrsla Ungmennafélagsins Tindastóls árið 2013

Lagt fram á aðalfundi félagsins 20. febrúar 2014.

Stjórn U.M.F. Tindastóls, sem kosin var á aðalfundi félagsins 13. mars 2013:

Gunnar Þór Gestsson, formaður

Jón Daníel Jónsson, varaformaður

Magnús Helgason, gjaldkeri

Inga Huld Þórðardóttir, ritari

Bertína Guðrún Rodriguez, meðstjórnandi

Varamenn í stjórn:

Guðjón Örn Jóhannsson

Kristjana Jónsdóttir

Marteinn Jónsson

Skoðunarmenn reikninga:

Hjörtur Geirmundsson

Gunnar Þór Sveinsson

Stjórnarfundir voru haldnir óreglulega á árinu. Allar fundargerðir eru aðgengilegar á vef félagsins, tindastoll.is. Rétt til setu á stjórnarfundum hafa auk stjórnar og varastjórnar félagsins, formenn deilda félagsins eða aðrir stjórnarmenn sem fulltrúar þeirra.

Rafrænt vinnusvæði félagsins hjá Fjölnetinu geymir öll gögn um starfssemi félagsins, tölvupósta, skjöl, fundargerðir og bókhaldskerfi.

Hópanúmer Tindastóls hjá N1 er 414

Heiðursfélagar Ungmennafélagsins Tindastóls eru

Árni Guðmundsson, Súluhólum 2, Reykjavík

Páll Ragnarsson, Birkihlíð 35, Sauðárkróki

Stefán Pedersen, Smáragrund 15, Sauðárkróki

Heimilisfang Ungmennafélagsins Tindastóls

Víðigrund 5, 550 Sauðárkróki

Kennitala 650269-5949

Netfang: tindastoll@tindastoll.is

Heimasíða tindastoll.is

Skýrsla aðalstjórnar

Aðalfundur UMF Tindastóls fyrir starfsárið 2012 var haldinn í Húsi frítímans þann 13. mars 2013. Aðalstjórn var endurkjörin og þakkar hún það traust sem henni er sýnt. Veitingar á fundinum voru í boði Sparisjóðs Skagafjarðar og af nógu var að taka.

Í síðustu skýrslu stjórnar var farið yfir styrktarsamninga Aðalstjórnar. Í lok ársins 2013 lauk samningi við N1 og var hann ekki endurnýjaður. Félagið þakkar N1 fyrir öflugan styrk í þau þrjú ár sem samningurinn var í gildi og vonar að deildir félagsins njóti áfram styrkja N1, enda töluvert verslað í nafni félagsins og félagsmanna hjá þessu stóra og öfluga olíufélagi.

Aftur á síðasta ári hækkaði styrkur Kaupfélags Skagfirðinga til Aðalstjórnar. Aðalstjórn er afar þakklát stjórnendum í KS fyrir þeirra lipurð og góðvild í garð félagsins. Eins og fram kemur í reikningum félagsins þá eru styrktaraðilar Aðalstjórnar auk KS; Sparisjóður Skagafjarðar og Fjölnet. Aðalstjórn vill færa þessum aðilum kærar þakkir fyrir þeirra framlag til reksturs félagsins.

Í byrjun ársins fékk Ungmennafélagið Tindastóll á Sauðárkróki afhenta fólksflutningabifreið að gjöf frá FISK-Seafood ehf. Bifreiðin er ný af gerðinni Mercedes-Benz , Sprinter 519 KA Extra löng og útbúin eins og best verður á kosið. Það var Jón Edvald Friðriksson framkvæmdastjóri sem afhenti Gunnari Þór Gestssyni formanni félagsins bílinn við hátíðlega athöfn í Kjarnanum þann 3. janúar 2013.

Jón Edvald sagði að hvatinn af þessari gjöf væri umræðan um stóráukinn ferðakostnað íþróttafélaga á landsbyggðinni vegna hækkandi olíuverðs og sífelld aukinnar skattlagningar ríkisins á hvern olíulíttra og eða ekinn kílómetra. Þessi aukni kostnaður leggst þungt á alla þá sem stunda íþróttir, unga sem aldna og alveg sérstaklega fjölskyldur þar sem börnin eitt eða fleiri stunda hinar ýmsu íþróttir, sem aftur kalla á ferðalög fram og aftur um allt land.

Núna hefur bifreiðin verið í notkun í rúmt ár og óhætt að segja að þessi gjöf hafi skilað góðum árangri í lækkun ferðakostnaðar fyrir iðkenndur og félagið.

Þrátt fyrir miklar væntingar þá hefur umgengni um bifreiðina ekki verið þannig að hún sé alltaf í sínu besta standi þegar næsti hópur tekur við henni. Aðalstjórn hefur því uppi hugmyndir að greiða fyrir þrif og eftirlit á bifreiðinni og gjaldfæra notendur sérstaklega fyrir þessum kostnaði. Þetta þýðir að ef allir hópar ganga snyrtilega um verður gjaldið væntanlega mjög lágt.

Ljóst virðist vera eftir árið að félagið þarf að eiga tvær bifreiðar til viðbótar. Aðalstjórn hefur þegar hafið vinnu við að gera þann draum að veruleika.

Í maí bauð Aðalstjórn til formannafundar á Kaffi Krók þar sem nægt pláss er og næði ásamt góðum veitingum. Þetta fyrirkomulag lagðist vel í viðstadda og hefur Aðalstjórn ákveðið að stefna að þremur svona fundum á hverju ári. Síðasti fundur var haldinn nokkrum dögum fyrir aðalfundinn.

Sveitarfélagið Skagafjörður og Skíðadeild Tindastóls skrifuðu undir nýjan 10 ára rekstrarsamning. Ásamt þessum samningi var viljayfirlýsing um að koma að byggingu skála ef deildin nær að afla fjár til verksins. Þessum samningi ber að fagna.

Undanfarin ár hefur Sveitarfélagið Skagafjörður greitt styrki til íþróttafélaganna með milligöngu UMSS. Sveitarfélagið vill leggja áherslu á að fjármagnið fari eingöngu til barna-



og unglingsstarfs. Aðalstjórn hyggst bregðast við þessu með því að leggja til breytingar á úthlutunarreglum UMSS á næsta ársþingi sem miðast að því að deildir félagsins verði fullgildir aðilar að þessari styrkskiptingu og að Aðalstjórn félagsins dragi sig út, enda hér er ekkert barna- eða unglingsstarf.

Formaður UMF Tindastóls afhenti Kára Maríussyni starfsbikarinn sem Ómar Bragi Stefánsson gaf félaginu á 100 ára afmæli félagsins þann. Kári hafði hætt störfum sem þjálfari fyrir körfuknattleiksdeild félagsins eftir margra ára starf. Kári hefur unnið mikið og metnaðarfullt starf fyrir félagið og þrátt fyrir að hafa hætt þjálfun þá snýst hann ennþá í hring um körfuknattleiksdeildina, æfingar, viðburði og leiki. Kára var afhent gullmerki félagsins á eittundrað ára afmælinu þann 27. Október 2007 og hafði áður árið 2005 verið veitt gullmerki Körfuknattleikssambands Íslands. Að hætta störfum fyrir félagið og gefa tíma sinn áfram í starfið er mikils vert og við viljum viðurkenna þetta með því að afhenda Kára Maríussyni starfsbikarinn til varðveislu næsta árið.

Skemmtilegt er frá því að segja að eftir einungis eins árs frí frá félaginu tók Kári aftur til starfa og við erum ennþá svo lánsöm að njóta krafta hans.

Með ungmennafélagskveðju,
Gunnar Þór Gestsson
Formaður UMF Tindastóls

Íþróttamaður ársins

Tilnefningar á íþróttamanni ársins voru sex

- Atli Arnarson frá Knattspyrnudeild
- Bryndís Rut Haraldsdóttir frá Knattspyrnudeild
- Helgi Rafn Viggósson frá Körfuknattleiksdeild
- Jóhann Björn Sigurbjörnsson frá Frjálsíþróttadeild
- Birna María Sigurðardóttir frá Skíðadeild
- Sigurjón Þórðarson frá Sunddeild

Val á íþróttamanni ársins fór fram í Húsi frítímans þann 27. desember 2013 í samvinnu við UMSS.



Í greinagerð um Atla segir;

Atli Arnarson er fæddur árið 1993. Hann á að baki 89 leiki með m.fl. Tindastóls og þar af 40 leiki í 1.deild. Atli hefur skorað 14 mörk í m.fl. og er gríðarlega efnilegur leikmaður. Atli var kjörinn besti leikmaður m.fl. karla á þessu tímabili og voru yfirburðir hans gríðarlegir í því kjöri. Atli varð fyrir því óláni að slasast mjög alvarlega í einum af síðustu leikjum sumarsins og verður frá íþróttaiðkun töluverðan tíma. Atli Arnarson hefur verið eftirsóttur leikmaður og hafa „stór“ lið á Íslandi viljað fá hann í sínar raðir.

Í greinargerð um Birnu Maríu segir;

Skíðadeildin tilnefnir Birnu Maríu Sigurðardóttur sem íþróttamann ársins, hún afrekaði á árinu; byrjaði árið á að keppa á stórsvígsmóti í Austurríki. Hafnaði þar í 8 sæti en 5 í sínum árgangi (sú fyrsta af Íslendingum), sigraði í svigi og stórsvigi á Sauðárkróks Bakarísmóti (var einnig með brautartímann). Sigraði líka í báðum greinum á Steinullarmóti. Tók þátt í Jónsmóti á Dalvík var í 3 og 4 sæti í svigi og stórsvigi en 2 sæti í samanlögðu. Á Unglingameistara móti í Stafdal komst hún í 4 manna úrslit í samhliða svigi en datt í svigi og stórsvigi þá helgi. Á Andrésar Andarleikunum varð hún í 6 sæti í svigi og 7 í stórsvigi. Birna María vann sér inn mætingar bikarum eins og undanfarin 4 ár og var stigahæst í vali um skíðamann ársins. Hún hefur sýnt það og sannað með áhuga og elju að hún er einn besti skíðamaður Tindastóls og frábær fyrirmynd og er sannarlega vel að þessari tilnefningu komin.

Í greinargerð um Bryndísi segir;

Bryndís Rut Haraldsdóttir er fædd árið 1995. Bryndís lék sinn fyrsta leik með m.fl. kvenna hjá Tindastóli árið 2011 og hefur leikið þar síðan. Bryndís er markvörður og bæði efnileg og góð. Bryndís hefur einungis leikið 22 leiki með m.fl. en á klárlega framtíðina fyrir sér haldi hún áfram á sömu braut. Á þessu ári var Bryndís valin í landslið Íslands u-19, og lék á þessu ári þrjá landsleiki með því liði. Hún stóð í markinu á móti Frakklandi, Slóveníu og Búlgaríu. Ísland sigraði í öllum þessum leikjum enda hélt Bryndís markinu hreinu í öllum leikjunum.

Í greinargerð um Helga segir;

Helgi hefur verið einn besti körfuknattleikamaður Tindastóls mörg undanfarin ár. Hefur hann sýnt það í vetur að þrátt fyrir miklar breytingar í liðinu hefur hann komið gríðarlega sterkur inn. Það er ekki að sjá að hann sé einn af eldri leikmönnum liðsins í þessari miklu uppbyggingu sem er að eiga sér stað í vetur hjá liðinu. Er liðið ósigarð í deild og bikar í vetur og hefur Helgi leitt liðið eins og sönnum fyrirlíða sæmir. Að velja Helga þykir mér sanngjarnt fyrir hans hönd fyrir það hvað hann hefur gefið körfuboltanum mikið af sér undanfarin ár, aldrei meira en akkúrat núna. Þegar ungir leikmenn koma inní meistaraflokk þá er ekki hægt að hugsa sér betri forustusauð fyrir þá. Fyrirmynd bæði innanvallar sem utan með stærsta Tindastólshjartað og kveinkar sér aldrei. Sýndi hann það svo sannanlega á vordögum þegar bestu lið landsins kepptust við að klófesta hann að hann er Tindastólsmaður af bestu sort. Mín skoðun er að fáir innan Tindastóls sem betur að þessu komnir en Helgi Rafn.

Í greinargerð um Jóhann Björn segir;

Jóhann Björn Sigurbjörnsson er 18 ára gamall spretthlaupari úr UMF Tindastól, sem hefur þegar skipað sér í fremstu röð frjálsíþróttamanna Íslands. Hann er á þessu ári valinn í „Afrekshóp unglunga FRÍ“, en í þeim hópi eru þeir sem bestir teljast í frjálsíþróttum á aldrinum 15-22 ára, nú 21 að tölu. Á innanhúsmótunum í upphafi árs bætti Jóhann Björn árangur sinn verulega. Á Meistaramóti Íslands 15-22 ára innanhúss, 2.-3. febrúar, varð hann í 2. sæti bæði í 60m og 200m hlaupum, og setti skagfirsk héraðsmet í flokki 18-22 ára í báðum greinum. Á MÍ fullorðinna innanhúss, 9.-10. febrúar, varð hann í 4. sæti bæði í 60m og 200m, og setti skagfirskt héraðsmet í karlaflokki í 200m hlaupi. Það met bætti hann síðan í Bikarkeppni FRÍ 16. febrúar, þar sem hann keppti fyrir sameinaða Norðlendinga, og varð í 2.

sæti hlaupsins. Árangur Jóhanns Björns í 60m hlaupi innanhúss, 7,11sek, skipar honum í 2. sæti í flokki 18-22 ára og 3. sæti í karlaflokki á “Afrekaskrá FRÍ innanhúss 2013”. Árangur hans í 200m hlaupi innanhúss, 22,32sek, skipar honum í 2. sæti í flokki 18-19 ára og 4. sæti í karlaflokki á afrekaskránni. Árangur hans í 400m hlaupi innanhúss, 50,30sek, skipar honum í 2. sæti í flokki 18-19 ára. Á Meistaramóti Íslands utanhúss 27.-28. júlí varð Jóhann Björn í 3. sæti í 100m hlaupi karla.

Jóhann Björn var valinn til keppni í 100m hlaupi og boðhlaupi á Norðurlandamóti fyrir 19 ára og yngri, sem fram fór Finnlandi í ágúst, og keppti þar í sameiginlegu liði Íslendinga og Dana með góðum árangri. Jóhann Björn Sigurbjörnsson var útnefndur “Frjálsíþróttakarlf Skagafjarðar 2013” á uppskeruhátíð skagfirska frjálsíþróttafólksins nú í nóvember.

Í greinagerð um Sigurjón segir;

Sigurjón Þórðarson er fæddur 1964 mikill sundmaður. Sigurjón er ötull talsmaður sundsins og þá bæði sem keppnisgreinar og sem hreyfingu til heilsuþótar. Hann hefur verið með kennslu í skriðsundi sem hefur mælst vel fyrir en nokkur fjöldi einstaklinga kann ekki skriðsund.

Sigurjón stundar sundið reglulega og tekur þátt í mótum fyrir eldri iðkendur. Hann tók þátt í nokkrum mótum á árinu 2013 og var árangur hans nokkuð góður.



Fyrir valinu varð Helgi Rafn Viggósson sem Íþróttamaður ársins 2013 hjá Ungmennafélaginu Tindastóli og Jóhann Björn Sigurbjörnsson sem Íþróttamaður Skagafjarðar hjá UMSS fyrir árið 2013.

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn ársreiknings Aðalstjórnar Ungmennafélagsins Tindastóls, höfum yfirfarið ársreikning félagsins fyrir árið 2013 og gerum engar athugasemdir. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi ársins 2013 og efnahagsreikningi 31. desember 2013. Við teljum að ársreikningurinn gefi rétta mynd af afkomu Aðalstjórnar Ungmennafélagsins Tindastóls árið 2013 og efnahag í árslok 2013.

Sauðárkróki 13. febrúar 2014

Hjörtur Geirmundsson

Gunnar Þór Sveinsson

Ársreikningur aðalstjórnar Rekstrarreikningur ársins 2013

		2013	2012
Tekjur:			
Fjáröflun:			
Lottó		1.253.144	1.494.696
Félagsgjöld		750.000	372.500
		2.003.144	1.867.196
Styrkir:			
Svf. Skagafjörður, húsaleigustyrkur	1	20.280.000	12.696.000
Svf. Skagafjörður, styrkur til deilda		5.895.000	5.895.000
Kaupfélag Skagfirðinga		4.200.000	3.480.000
Sparisjóður Skagafjarðar		2.500.000	2.500.000
N1 hf.		2.042.791	2.083.391
Fjölnet hf.		520.472	497.139
Arion banki hf., Sauðárkróki		0	25.000
FISK Seafood hf.		0	12.325.784
		35.438.263	39.502.314
Aðrar tekjur			
Tekjur af bifreið		1.210.170	0
Tekjur alls:		38.651.577	41.369.510
Gjöld:			
Svf. Skagafjörður húsaleiga	1	20.280.000	12.696.000
Styrkir til deilda	2	15.230.646	15.004.090
Rekstur bifreiðar	3	806.991	0
Tölvukostnaður		651.951	559.566
Húsaleiga Víðigrund 5		332.902	221.000
Félagsgjald UMSS		256.900	0
Velferðarsjóður		250.000	0
Pappír, ritföng, auglýsingar og sími	4	147.764	160.932
Stjórnunarkostnaður	5	22.700	0
Tryggingar		1.804	10.408
Áhöld og tæki		0	37.917
Þjónustugjöld	6	24.075	0
Annar kostnaður	7	205.696	95
Gjöld alls		38.211.429	28.690.008
Rekstrarhagnaður		440.148	12.679.502
Afskrift fastafjármuna	8	2.515.157	2.515.157
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:			
Vaxtatekjur		41.288	136.575
Vaxtagjöld		-15.595	-1.618
		25.693	134.957
Hagnaður (-tap) ársins		-2.049.316	10.299.302

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

		31.12.2013	31.12.2012
Eignir			
Fastafjármunir:			
5% eignarhluti í Bifröst (FM)		2.116.000	2.023.500
Geymslukofi á íþróttavelli	8	150.000	200.000
Bifreið Sprinter 519 KA	8	7.395.470	9.860.627
		9.661.470	12.084.127
Veltufjármunir:			
Sparisjóður Skagafjarðar nr. 140		1.826.519	1.125.144
Sparisjóður Skagafjarðar nr. 530140		2.313	293.717
Arion banki nr. 5763		378	134.387
Arion banki nr. 16366		34.715	101.515
Arion banki nr. 301601		2.336	1.004.446
		1.866.261	2.659.209
Viðskiptakröfur			
Krafa á deildir	9	3.216.065	1.566.250
Viðskiptakröfur	10	1.360.422	696.250
		4.576.487	2.262.500
Eignir samtals		16.104.218	17.005.836
Skammtímaskuldir			
Ógreiddir reikningar	11	15.334	7.107
Skuld við deildir	12	1.046.971	0
		1.062.305	7.107
Skuldir samtals		1.062.305	7.107
Eigið fé:			
Eigið fé frá fyrra ári		16.998.729	6.584.427
Endurmat ársins		92.500	115.000
Hagnaður (tap) ársins		-2.049.316	10.299.302
Eigið fé samtals		15.041.913	16.998.729
Eigið fé og skuldir samtals		16.104.218	17.005.836

Skýringar

	2013	2012
1. Húsaleigustyrkur		
Íþróttahús.....	12.360.000	
Íþróttavöllur.....	2.640.000	12.696.000
Skíðasvæði.....	3.348.000	
Sundlaug.....	1.932.000	
	20.280.000	12.696.000
2. Styrkir til deilda		
Frjálsíþróttadeild.....	2.161.664	2.214.474
Knattspyrnudeild.....	5.404.153	5.380.800
Knattspyrnudeild, m. fl. kv.....	99.000	0
Körfuknattleiksdeild.....	5.404.153	5.380.800
Skíðadeild	1.080.838	1.014.008
Sunddeild.....	1.080.838	1.014.008
	15.230.646	15.004.090
3. Stjórnunarkostnaður		
Formannafundur.....	22.700	0
	22.700	0
4. Prentun, ritföng, auglýsingar og sími		
Sími.....	86.588	98.028
Ritföng.....	968	2.102
Prentun.....	49.248	60.802
Auglýsingar.....	10.960	0
	147.764	160.932
5. Rekstur bifreiðar		
Tryggingar.....	301.698	0
Ökuskóli v. meiraprófs.....	150.000	0
Spölur v. Hvalfjarðarganga.....	136.600	0
Bifreiðagjald.....	99.688	0
Ýmis vinna á verkstæði.....	93.317	0
Álbox.....	14.307	0
Aðalskoðun.....	11.381	0
	806.991	0
6. Þjónustugjöld banka		
Innheimtukuröfur Arion banka.....	19.730	0
Seðil- og þjónustugjöld.....	4.345	95
	24.075	95

	2013	2012
7. Annar kostnaður		
Ofgreiddar lottótekjur 2012.....	150.790	0
Styrkur frá Arion banka v. 2012.....	25.000	0
Flutningur á geymsluskúr.....	23.531	0
Rammar.....	6.375	0
	<u>205.696</u>	<u>0</u>
8. Afskriftir fastafjármuna		
	Bifreið	Geymslukofi
Stofnverð 1/1.....	12.325.784	250.000
Afskrifað alls 1/1.....	-2.465.157	-50.000
Afskrifað á árinu.....	-2.465.157	-50.000
Bókfært verð 31/12.....	<u>7.395.470</u>	<u>150.000</u>
Stofnverð alls 31/12.....	12.325.784	250.000
Afskrifað alls 31/12.....	-4.930.314	-100.000
Bókfært verð 31/12.....	<u>7.395.470</u>	<u>150.000</u>
	2013	2012
9. Krafa á deildir		
Knattspyrnudeild.....	3.216.065	1.489.695
Körfuknattleiksdeild.....	0	76.555
	<u>3.216.065</u>	<u>1.566.250</u>
10. Viðskiptakröfur		
N1 hf.....	1.006.932	696.250
UMSS.....	353.490	0
	<u>1.360.422</u>	<u>696.250</u>
11. Ógreiddir reikningar		
Arion banki hf.....	3.925	0
Skipti hf.....	11.409	7.107
	<u>15.334</u>	<u>7.107</u>
12. Skuld við deildir		
Sunddeild.....	24.744	0
Frjálsípróttadeild.....	49.489	0
Körfuknattleiksdeild.....	947.994	0
Skíðadeild.....	24.744	0
	<u>1.046.971</u>	<u>0</u>

Skýrsla stjórnar knattspyrnudeildar

Frá formanni.



Það er komið að lokum og uppgjörs enn eins knattspyrnuársins. Þetta ár var á margan hátt afar viðburðaríkt og skemmtilegt. Mikið annríki var á öllum okkar vígstöðvum hvort sem talað er um yngri flokkana eða meistaraflokkana. Gríðarlegur fjöldi knattspyrnuleikja var bæði á Sauðárkróksvelli sem og hjá okkar liðum á útivöllum, ferðalögin voru mörg hver löng og ströng og skipulagningin kostaði margar andvökunætur.

Það er vissulega gefandi að starfa við íþróttahreyfinguna. Hinsvegar er þetta gríðarlega mikil vinna sem hingað til hefur því miður lagst á hendur of fárra einstaklinga. Vonandi verður breyting á og við sjáum fleiri stíga inn og taka þátt í þessu starfi.

Fjármálin hafa verið okkur erfið enda eykst kostnaðurinn og kröfurnar samhliða því. Þetta er það verkefni sem mestur tími fer í að láta enda ná saman. Það er sannarlega ástæða til að þakka þeim sem hafa þar lagt hönd á plóginn og eins þeim sem koma að þessu starfi okkar, hvort sem um er að ræða iðkendur, foreldra, þjálfara eða þá sem eru í stjórnnum og ráðum.

Áfram Tindastóll

Ómar Bragi Stefánsson

Formaður knattspyrnudeildar Tindastóls.

Stjórn knattspyrnudeildar:

Formaður Ómar Bragi Stefánsson

Gjaldkeri Ragna Hjartardóttir

Ritari Einarína Einarsdóttir

V.formaður Skúli V. Jónsson

Meðstjórnandi Þórður Karl Gunnarsson

Framkvæmdastjóri:

Skúli V. Jónsson gegndi stöðu framkvæmdastjóra á starfsárinu.

Samstarfsaðilar:

Helstu samstarfsaðilar knattspyrnudeildarinnar á þessu ári voru eftirtaldir: Kaupfélag Skagfirðinga, FISK, VÍS, Sparisjóður Skagafjarðar, Ólafshús, Steinull, Landsbankinn, Arion banki og Sveitarfélagið Skagafjörður, N1, Stórveldið, Sauðárkróksbakarí, Vörumiðlun og Tengill. Þessum aðilum eru færðar miklar þakkir fyrir aðkomu þeirra.

Meistaraflokkur karla, Tindastóll

C deildar meistarar 1992, 1999 og 2011

D deildar meistarar 2010

Besti árangur: 6 sæti í B deild 1988, 1989 og 2000

Bikarkeppni KSÍ: 8 liða úrslit 1988

Stærsti deildarsigur: 11-1 gegn Snæfelli í D deild 2006. 10-0 gegn Þrym í D deild 1995

Stærsta deildartap: 0-7 gegn ÍBV í D deild 1984

Liðið lék í 1. deild á þessu keppnistímabili og enn og aftur hélt liðið sæti sínu í deildinni. Árangurinn er mjög góður og vakti athygli víða.

Þjálfari 2013: Halldór Jón Sigurðsson og honum til aðstoðar Guðjón Örn Jóhannsson

Undirbúningstímabilið hófst í nóvembermánuði 2012 en það var Halldór Jón Sigurðsson sem stýrði liðinu. Æfingar voru bæði á Sauðárkróki og á Reykjavíkursvæðinu. Liðið tók þátt í Lengjubikarnum í upphafi ársins og mætti afar sterkum andstæðingum. Íslandsmótið hófst í byrjun maí en þá hafði liðið styrkt sig töluvert með erlendum leikmönnum. Árangur liðsins í heild mjög góður en liðið endaði í 9. sæti með 25 stig.

Leikmenn 2013

Arnar Skúli Atlason	6 leikir	
Arnar Sigurðsson	11 leikir	
Atli Arnarson	18 leikir	3 mörk
Atli Fannar Jónsson	8 leikir	
Ágúst Friðjónsson	1 leikur	
Árni Arnarson	15 leikir	
Benjamín J. Gunnlaugarson	6 leikir	1 mark
Björn Anton Guðmundsson	20 leikir	2 mörk
Chris Harrington	4 leikir	
Christoper T. Tsonis	20 leikir	6 mörk
Edvard Börkur Óttharsson	22 leikir	
Edward Sebastian Furness	18 leikir	
Elvar Páll Sigurðsson	12 leikir	5 mörk
Fannar Örn Kolbeinsson	19 leikir	
Guðni Þór Einarsson	5 leikir	
Ingvi Hrannar Ómarsson	18 leikir	2 mörk

Jordan A. Branco	12 leikir	3 mörk
Kári Eiríksson	8 leikir	
Konráð Freyr Sigurðsson	11 leikir	
Loftur Páll Eiríksson	19 leikir	
Rodrigo Morin	13 leikir	1 mark
Ruben Resendes	8 leikir	
Sigurður H. Björnsson	4 leikir	
Steven Beattie	21 leikur	4 mörk

Meistaraflokkur kvenna, Tindastóll

Besti árangur: 3.-4 sæti í B deild 1995, 2002 og 2003

Bikarkeppni KSÍ: 16 liða úrslit 2010

Stærsti deildarsigur: 10-1 gegn Leiftri/Dalvík í B deild 2001 og 9-0 gegn Leikni F. í B deild 2008

Stærsta deildartap: 0-11 gegn ÍBV í B deild 2009

M.fl. kvenna lék í 1.deild (B deild) og hefur gert á undanförunum árum. Gengi liðsins í Íslandsmótinu var svona nokkuð eftir væntingum en vissulega hefði verið gaman að sjá liðið gera betri hluti. Hópurinn er hinsvegar nokkuð ungur að þar eru gríðarlega efnilegar stúlkur sem örugglega eiga eftir að láta til sín taka á næstu árum.

Þjálfari 2013: Guðjón Örn Jóhannsson og honum til aðstoðar var Dúfa Dröfn Ásbjörnsdóttir

Leikmenn 2013

Bríet Guðmundsdóttir	1 leikur	
Bryndís Rún Baldursdóttir	13 leikir	4 mörk
Bryndís Rut Haraldsdóttir	13 leikir	
Brynhildur Ólafsdóttir	9 leikir	
Carolyn Polcari	10 leikir	8 mörk
Erla Björt Björnsdóttir	3 leikir	
Fríða Rún Jónsdóttir	7 leikir	
Guðný Þóra Guðnadóttir	15 leikir	2 mörk
Guðrún Jenný Ágústdóttir	14 leikir	
Helga Rut Hjartardóttir	3 leikir	
Hildur Hrönn Albertsdóttir	8 leikir	

Hugrún Pálsdóttir	11 leikir	
Kristín Halla Eiríksdóttir	5 leikir	
Laufey Rún Harðardóttir	11 leikir	1 mark
Leslie Briggs	14 leikir	12 mörk
Ólína Sif Einarsdóttir	15 leikir	
Rakel Svala Gísladóttir	16 leikir	
Rakel Hinriksdóttir	15 leikir	1 mark
Sigurveig Anna Gunnarsdóttir	4 leikir	
Snæbjört Pálsdóttir	16 leikir	1 mark
Sunna Björk Atladóttir	16 leikir	
Svava Rún Ingimarsdóttir	16 leikir	

100 leikja klúbburinn

Reynt hefur verið eftir bestu getu að taka saman leikjafjölda allra þeirra sem leikið hafa með m.fl. Tindastóls frá upphafi. Það skal tekið fram að hugsanlega eru einhverjar tölur ekki alveg réttar enda erfitt að nálgast upplýsingarnar. Hafi hinsvegar einhver betri upplýsingar þá eru þær vel þegnar.

Eftirtaldir hafa leikið 100 leiki fyrir m.fl. Tindastól frá upphafi:

1.	232 leikir	Gísli Eyland Sveinsson
2.	183 leikir	Gísli Sigurðsson
3.	178 leikir	Guðbrandur Guðbrandsson
4.	176 leikir	Kristmar Geir Björnsson
5.	160 leikir	Rúnar Björnsson
6.	154 leikir	Ingvi Hrannar Ómarsson
7.	152 leikir	Birgir Rafnsson
8.	149 leikir	Þórhallur Ásmundsson
9.	143 leikir	Björn Sverrisson
10.	131 leikir	Aðalsteinn Arnarson
11.	129 leikir	Gunnar Þór Gestsson
12.	127 leikir	Bjarki Már Árnason
13.	124 leikir	Sigmundur Skúlason
14.	123 leikir	Guðbjartur Haraldsson
15.	119 leikir	Snorri Geir Snorrason
16.	117 leikir	Sverrir Sverrisson
17.	113 leikir	Stefán Arnar Ómarsson

18.	107 leikir	Stefán Örn Pétursson
19.	107 leikir	Pálmi Þór Valgeirsson
20.	104 leikir	Örn Ragnarsson
21.	103 leikir	Konráð Þorleifsson
22.	101 leikur	Grétar Karlsson

50 leikja klúbburinn

Eftirtaldar hafa leikið 50 leiki fyrir m.fl. Tindastól frá upphafi:

1.	94 leikir	Hrafnhildur Sonja Kristjánsdóttir
2.	94 leikir	Svava Rún Ingimarsdóttir
3.	86 leikir	Sunna Björk Atladóttir
4.	79 leikir	Snæbjört Pálsdóttir
5.	73 leikir	Guðný Þóra Guðnadóttir
6.	67 leikir	Brynhildur Ósk Ólafsdóttir
7.	65 leikir	Heba Guðmundsdóttir
8.	61 leikir	Hera Birgisdóttir
9.	59 leikir	Aníta Hlíf Jónasdóttir
10.	59 leikir	Ása Guðrún Sverrisdóttir
11.	57 leikir	Birna Eiríksdóttir
12.	57 leikir	Hrafnhildur Guðnadóttir
13.	55 leikir	Þóra Rut Jónsdóttir
14.	53 leikir	Gyða Valdís Traustadóttir
15.	53 leikir	Erla Björt Björnsdóttir
16.	53 leikir	Rakel Svala Gísladóttir
17.	53 leikir	Sólborg Hermundsdóttir
18.	50 leikir	Sigrún Ólöf Snorradóttir

Aðstaða og aðstöðuleysi

Knattspyrna er heilsársíprótt, sama hvað hver segir. Íslandsmótið hefst í maí og lýkur í lok september. Frá því í janúar og fram í apríl eru æfingaleikir um nær hverja helgi og mót eins og Lengjubíkarinn. Að loknum síðasta leik í september taka leikmenn sér frí í einn mánuð eða svo en síðan hefjast æfingar aftur í nóvember. Það má því með sanni segja að tímabil knattspyrnufólks sé frá nóvember og til loka september. Aðstaða sú sem við höfum yfir sumartímam er nokkuð góð þó svo æfingasvæðin mættu vera mun betri en gríðarlegt álag er á þau bæði yfir sumartímam. Keppnisvöllurinn er góður og glæsilegur í alla staði en þó var hann ekki tilbúinn fyrr en í lok júnímánaðar að þessu sinni. Hinsvegar er vetraraðstaðan skelfileg og því miður ekki hvetjandi fyrir unga sem eldri að iðka knattspyrnu. Aðalæfingasvæðið er litli gervigrasleikvöllurinn við Árskóla, minnst gervigrasblettur í

Skagafirði, vellirnir á Hofsósi, Hólum og í Varmahlíð eru allir verulega mikið stærri en okkar litli völlum, sem er þó er líklega meira nýttur en allir hinir vellirnir til samans.

En breyting á aðstöðu knattspyrnumanna er mjög aðkallandi. Engin þróun verður við þessar aðstæður sem nú eru, við munum bara sitja eftir og staðna. Við viljum gefa öllu knattspyrnufólki á hvaða aldri sem er möguleika að æfa við mun betri aðstæður en nú eru. Þetta er mjög aðkallandi verkefni sem við þurfum vinna að.

TindastollTV

TindastollTV hefur svo sannarlega slegið í gegn. Umfjöllun um leiki m.fl. karla var meira en frábær og stefnt er á að áframhald verði á. Umsjónarmaður er Stefán Arnar Ómarsson og ástæða til að þakka honum fyrir frábært framtak.

Íþróttamaður Tindastóls

Árlega er valinn íþróttamaður Tindastóls. Það eru deildir félagsins og aðalstjórn sem velur íþróttamann Tindastóls. Að þessu sinni var það Bryndís Rut Haraldsdóttir sem hlaut þennan heiður.

Yngri flokkar

Öflugur starfi yngri flokka var haldið úti. Dúfa Dröfn Ásbjörnsdóttir var ráðin yfirþjálfari og tók einnig að sér þjálfun margra flokka. Yngri flokkarnir tóku þátt í Íslandsmóti og eins í mörgum mótum sem var boðið uppá um helgar víðsvegar um landið.

4.flokkur drengja náði hvað lengst og var árangur þeirra mjög góður. Aðrir flokkar stóðu sig vel og við getum verið stolt af okkar unga fólki. Hinsvegar er það aðstaðan sem setur okkur stólinn fyrir dyrnar og þar verðum við að bæta úr.

3.flokkur kvenna fór til Svíþjóðar og tók þar þátt í skemmtilegu móti.

Landsbankamót

Landsbankamótið fór fram dagana 29. – 30. júní og var framkvæmd þess öll til fyrirmyndar. Ágæt þátttaka var á mótinu og skemmtu keppendur sér hið besta. Mótið er fyrir stelpur í 7. 6. og 5.flokki. Það voru fjölmargir foreldrar sem tóku þátt í undirbúningi og framkvæmd mótsins og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir.

Króksmót FISK

Dagana 10. og 11. ágúst fór fram hið árlega Króksmót á Sauðárkróki. Mótið er fyrir stráka í 7. 6. og 5. flokki og var ágætlega sótt að vanda. Öll umgjörð mótsins var okkur öllum til sóma. Foreldrar unnu gríðarlega mikið og gott starf og er þeim sérstaklega þakkað fyrir.

Fjármál

Fjárhagslega niðurstöðu ársins má sjá á meðfylgjandi reikningum.

Lokaorð

Fyrir hönd stjórnar knattspyrnudeildar Tindastóls þakka ég öllum þeim sem komið hafa að rekstri deildarinnar á einn eða annan hátt á þessu starfsári. Öllum þeim er unnið hafa til verðlauna óska ég til hamingju og vona að slík viðurkenning verði öðrum iðkendum hvatning til frekari afreka.

Þrátt fyrir aðstöðuleysi okkar er ekki hægt að leggja árar í bát heldur halda áfram og horfa fram á veginn. Það eru ný verkefni sem bíða okkar handan við hornið, verkefni sem við ætlum að takast á við og sigra.

Ómar Bragi Stefánsson
Formaður knattspyrnudeildar Tindastóls.

Ársreikningur knattspyrnudeildar

Rekstrarreikningur ársins 2013

	2013	2012
Rekstrartekjur		
Framlag frá aðalstjórn	5.108.244	6.538.514
Fjáraflanir og styrkir	12.988.468	7.536.572
Aðgangseyrir	1.079.520	1.700.427
Æfingagjöld yngri flokka	6.586.700	4.579.600
Króksmót	6.244.368	5.869.317
Landsbankamót	2.852.564	3.537.799
Jólatréssala	1.301.100	1.028.532
Aðrar tekjur	3.946.185	2.057.000
Rekstrartekjur samtals	40.107.149	32.847.761
Rekstrargjöld		
Rekstur skrifstofu	2.733.517	4.157.156
Meistaraflokkur karla og Drangey	17.852.387	9.850.287
Meistaraflokkur kvenna	6.248.801	3.996.612
Yngri flokkar	7.557.929	7.694.710
Króksmót	2.648.802	2.487.205
Landsbankamót	1.464.556	1.458.134
Jólatréssala	509.151	680.995
Bifreið	1.159.918	1.024.899
Óskiptur kostnaður og kostn. frá fyrra ári	6.347.159	2.706.874
Rekstrargjöld samtals	46.522.220	34.056.872
Hagnaður/-tap fyrir afskriftir og fjármagnsliði	-6.415.071	-1.209.114
Afskriftir	563.867	543.866
Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	6.307	164
Vaxtagjöld	719.718	565.671
Fjármagnsliðir samtals	-713.411	-565.507
Hagnaður (-tap) ársins	-7.692.349	-2.318.484

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

	31.12.2013	31.12.2012
Eignir		
Fastafjármunir		
Stúka	1.150.921	1.294.788
Bifreið	580.000	1.000.000
Fastafjármunir alls	1.730.921	2.294.788
Veltufjármunir		
Viðskiptakröfur	846.734	250.000
Innistæður í innlánsstofnunum	378.152	1.966.606
Veltufjármunir alls	1.224.886	2.216.606
Eignir alls	2.955.807	4.511.394
Skuldir og eigið fé		
Skuldir		
Langtímaskuldir		
Skuldir við lánastofnanir	300.000	600.000
Langtímaskuldir alls	300.000	600.000
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	15.004.138	8.567.376
Næsta árs afborganir af langtímalánum	300.000	300.000
Skammtímaskuldir alls	15.304.138	8.867.376
Skuldir alls	15.604.138	9.467.376
Eigið fé		
Eigið fé í byrjun tímabils	-4.955.982	-2.637.498
Hagnaður/-tap tímabilsins	-7.692.349	-2.318.484
Eigið fé í lok tímabils	-12.648.331	-4.955.982
Skuldir og eigið fé	2.955.807	4.511.394

Skýrsla stjórnar körfuknattleiksdeildar

Tímabilið 01.07.2012 – 30.06.2013

Nokkrar breytingar urðu á stjórn körfuknattleiksdeildar á síðasta aðalfundi, en Geir Eyjólfsson formaður og Hólmfríður Sveinsdóttir gáfu ekki kost á sér áfram. Nýr formaður var kjörin Þröstur Jónsson og með honum í stjórn voru kjörin Ásmundur Baldvinsson, Jón Ingi Sigurðsson, Una Sigurðardóttir, Ólafur Björn Stefánsson og Gunnlaugur Sighvatsson, auk þess sem Eiríkur Loftsson, formaður unglingaráðs, hefur fundað reglulega með stjórninni, þar sem ástæða þótti að efla tengsl við unglingaráð deildarinnar. Samningur við þjálfara félagsins, Bárð Eypórsson, var endurskoðaður í upphafi tímabilsins og samið til tveggja ára. Vegna brottflutnings ákvað Þröstur Jónsson að segja af sér formennsku í lok mars s.l. og eftir það hafa aðrir stjórnarmenn skipt með sér verkum formanns.

Einungis var starfandi meistaraflokkur karla á tímabilinu og tók hann þátt í keppni í úrvalsdeild, þ.e. Domino's deild karla og auk þess í tveimur bikarkeppnum, bæði Fyrirtækjabíkar karla (Lengjubíkarinn) og Bikarkeppni KKÍ (Powerade bíkarinn). Vel gekk hjá liðinu í keppninni um fyrirtækjabíkarinn, liðið endaði efst í sínum riðli með því að vinna 5 af 6 leikjum sínum og keppti því í fjögurra liða úrslitum sem fram fóru í Stykkishólmi helgina 23 - 24 nóvember. Í undanúrslitum vann Tindastóll lið Þórs frá Þorlákshöfn með minnsta mun 82-81 og vann síðan heimaliðið Snæfell í úrslitaleik nokkuð örugglega 81-96 og hlaut þar með titilinn Lengjubíkarameistari 2012. Gengi liðsins í Poweradebíkarnum varð endaslepptara, en þar tapaði það á heimavelli fyrir Snæfell þann 2. desember í sínum fyrsta leik í þeirri keppni og féll þar með úr leik. Þá olli árangur liðsins í deild miklum vonbrigðum, enda almennt talið að liðið væri nokkuð sterkt og hefði á að skipa góðum hóp leikmanna. Eftir að hafa tapað fyrstu 7 leikjum sínum í deildarkeppninni komu tveir sigrar í desembermánuði sem gáfu áhangendum væntingar um að hlutirnir væru að smella betur saman og árangur á seinni hluta tímabilsins yrði betri. Þær væntingar dvínuðu talsvert þegar í kjölfarið fylgdu þrír tapleikir í röð eftir áramót. Í kjölfarið kom kaflí þar sem unnust 4 leikir af 6 og áhangendur eygðu a.m.k. von um að liðið næði að tryggja áframhaldandi sæti sitt í deildinni og jafnvel væntingar um sæti í úrslitakeppninni. Það fór samt svo að 4 síðustu leikir liðsins töpuðust allir og liðið lenti í 11. sæti með 12 stig. Liðið fékk jafnmörg stig og liðin í 9. sæti (ÍR) og 10. sæti (KFÍ), en með verri árangur en þau í innbyrðis viðureignum og fékk því það hlutskipti að leika í 1. deild á næsta keppnistímabili.

Talsverðar breytingar urðu á leikmannahóp liðsins á tímabilinu, bæði meðal erlendra og innlendra leikmanna, og ljóst að slæmur árangur framan af vetri hafði þar mikil áhrif á þróun mála, í leit þjálfara að sterkri liðsheild og árangri í leikjum. Stjórn vil þakka þjálfara og öllum leikmönnum sem tóku þátt í starfi félagsins á tímabilinu til skemmri eða lengri tíma í vetur. Þegar þetta er ritað er ljóst að einhverjar mannabreytingar verða á milli tímabila og að einhverjir hverfa frá félaginu hvort sem er til annarra félaga eða hafa ákveðið að þeirra ferli sem leikmanna sé lokið. Aftur á móti er þegar búið eða í burðarliðnum að skrifa undir samninga við nokkra öfluga leikmenn og hóp ungra og efnilegra leikmanna sem uppaldir eru hjá félaginu. Ber að þakka unglingaráði þeirra öflugra starf á undanförunum árum sem er að reynast félaginu mjög dýrmætt. Á næsta tímabili verður Tindastóll með lið í Íslandsmóti bæði í meistaraflokki karla og kvenna. Vonir standa til að vel takist til með kvennalið og grundvöllur verði fyrir áframhaldandi þátttöku þess á komandi árum.

Rekstur deildarinnar gekk ágætlega á tímabilinu og vill stjórn færa öllum stuðningsaðilum deildarinnar þakki fyrir þeirra mikilvæga framlag og vonast eftir áframhaldandi stuðningi við starfið, enda ljóst að með þátttöku tveggja liða í Íslandsmóti eykst kostnaður deildarinnar nokkuð. Þakki eru færðar FISK Seafood hf. fyrir þeirra höfðinglegu gjöf á hópferðabifreið til Tindastóls sem mun nýtast deildum félagsins. Þá eru að lokum aðalstjórn félagsins færðar

þakkir fyrir samstarfið og síðast en ekki síst öllum áhangendum og þá sérstaklega öllum þeim sjálfboðaliðum sem að starfinu koma með margvíslegu vinnuframlagi í tengslum við leiki, ferðir, fjáraflanir og aðra hluti.

F.h. stjórnar körfuknattleiksdeildar Tindastóls
Gunnlaugur Sighvatsson

Ársreikningur körfuknattleiksdeildar**Rekstrarreikningur tímabilsins 01.07.2012-30.06.2013**

	2012-13	2011-12
Rekstrartekjur		
Aðgangseyrir	2.519.285	2.792.063
Fjáraflanir	1.983.090	4.665.423
Styrkir – aðalstjórn	4.564.181	3.902.023
Aðalstyrktaraðilar	4.468.744	3.517.709
Auglýsingar og minni styrkir	4.940.000	5.509.000
Tekjur vegna bifreiðar	0	252.900
Rekstrartekjur samtals	18.475.300	20.639.118
Rekstrargjöld		
Laun- og launatengd gjöld	7.929.379	7.063.578
Styrkur til unglíngaráðs	656.250	656.250
Húsnæðiskostnaður	1.892.000	2.448.699
Ferðakostnaður – innanlands	1.493.314	1.870.142
Ferðakostnaður – erlendis	1.593.585	1.182.736
Þáttökugjöld og félagaskipti	999.107	1.223.000
Dómarakostnaður	1.101.224	1.340.582
Búningar og skór	61.493	250.571
Sjúkrakostnaður	548.098	507.701
Sími, auglýsingar, prentun, hönnun	193.895	106.827
Rekstur bifr. RK-587	243.852	1.326.371
Afskrift bifreiðar	0	230.510
Kostnaður vegna fjáraflana	191.302	1.072.347
Annar kostnaður	1.423.316	1.663.961
Rekstrargjöld samtals	18.326.815	20.943.275
Rekstrarhagnaður (-tap) án fjármagnsliða	148.485	-304.157
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur	4.965	599
Vaxtagjöld	-45.557	-5.998
	-40.592	-5.399
Niðurstaða ársins	107.893	-309.556

Efnahagsreikningur 30. júní 2013

	30.06.2013	30.06.2012
Eignir		
Veltufjármunir		
Bankainnistæður	288.625	488.530
Aðrar skammtímakröfur	684.846	1.270.609
Veltufjármunir samtals:	973.471	1.759.139
Áhöld og tæki		
Bifreiðin RK-587	461.019	461.019
Áhöld og tæki samtals:	461.019	461.019
Eignir samtals	1.434.490	2.220.158
Skuldir og eigið fé		
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	891.328	1.784.889
Skuldir samtals	891.328	1.784.889
Eigið fé		
Flutt frá fyrra ári	435.269	744.825
Endurmat vegna Lýsingarláns		0
Niðurstaða ársins	107.893	-309.556
Eigið fé samtals	543.162	435.269
Skuldir og eigið fé samtals	1.434.490	2.220.158

Skýrsla stjórnar unglingaráðs körfuknattleiksdeildar

Segja má að starfið hafi byrjað af krafti með æfingabúðum sem við héldum dagana 31. ágúst - 2. september. Ellefu yngri flokkar tóku þátt í Íslandsmóti og sex þeirra í bikarkeppni. Þrjú minnibolta flokkar sem og míkroboltinn voru með skipulagðar æfingar og tóku þátt í tveimur mótum við sitt hæfi, Króksamótinu og Kjarnafæðismóti Þórs á Akureyri. Körfuboltaskólinn var á sunnudögum og morgunæfingar fyrir eldri flokkana tvisvar í viku. Króksamótið var haldið fyrir krakka í 6. bekk og yngri. Ætlunin var að halda það 3. nóvember en vegna veðurs varð að fresta því til 12. janúar.

Þjálfarar voru:

Hrafnhildur Sonja Kristjánsdóttir sem þjálfaði 8. flokk stúlkna (stúlkur í 7. og 8. bekk).

Karl Jónsson sem þjálfaði 9. og 10. flokka stúlkna og stúlknaflokk að hálfu en í þeim flokki sendum við sameiginlegt lið með KFÍ.

Hreinn Gunnar Birgisson þjálfaði 7. flokk drengja (drengir í 6. og 7. bekk).

Oddur Benediktsson þjálfaði 8., 9. og 10. flokka drengja, auk þess sem hann þjálfaði alla hópana í míkro- og minniboltanum.

Bárður Eypórsson þjálfaði 11. flokk drengja og drengja- og unglinaflokk. Hann sá einnig um körfuboltaskólann á sunnudögum og morgunæfingarnar.

Árangur yngri flokkanna í Íslandsmóti var með ágætum. Þrjú lið hófu leik í A-riðli þrjú í B-riðli og þrjú í D-riðli. Á komandi vetri myndu fjögur þessara liða hefja mót í A-riðli, þrjú í B-riðli og tvö í C-riðli.

Fjögur lið frá Tindastóli komust í undanúrslit Íslandsmótanna, 9. og 10. flokkar stúlkna, KFÍ/Tindastóll í stúlknaflokki og drengjaflokkur sem var aðeins hársbreidd frá því að komast í úrslitaleikinn. Unglingaflokkur náði einnig góðum árangri og komst í átta liða úrslit íslandsmótsins.

Fjögur ungmenni úr Tindastóli voru valin í ungmennalandslið Íslands, Pétur Rúnar Birgisson í U18 karla, Guðlaug Rún Sigurjónsdóttir í U16 kvenna og þær Linda Þórdís Róbertsdóttir og Bríet Lilja Sigurðardóttir í U15 kvenna.

Unglingaráð vil þakka öllum sem komið hafa að starfinu í vetur, iðkendum, þjálfurum, foreldrum, dómurum og öðrum.

Unglingaráð skipuðu; Eiríkur Loftsson formaður, Unnur Ólöf Halldórsdóttir gjaldkeri, Anna Steinunn Friðriksdóttir og Róbert Óttarsson.

Ársreikningur unglíngaráðs körfuknattleiksdeildar**Rekstrarreikningur tímabilsins 01.07.2012-30.06.2013**

	2012-13	2011-12
Rekstrartekjur		
Æfingagjöld	3.433.750	3.641.600
Fjáraflanir	594.126	499.154
Auglýsingar og styrkir	1.125.365	856.250
Aðrar tekjur	15.000	195.300
Rekstrartekjur samtals	5.168.241	5.192.304
Rekstrargjöld		
Laun- og launatengd gjöld	4.345.500	4.417.500
Dómara- & þátttökukostnaður	214.582	70.445
Búningakaup yngri flokka	106.793	308.248
Húsaleiga v. þjálfara	324.000	0
Ferðakostnaður	168.285	0
Annað	256.876	197.375
Rekstrargjöld samtals	5.416.036	4.993.568
Rekstrarhagnaður (-tap) án fjármagnsliða	-247.795	198.736
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur	2.343	961
Vaxtagjöld	-31.910	-9.134
	-29.567	-8.173
Niðurstaða ársins	-277.362	190.563

Efnahagsreikningur 30. júní 2013

	30.06.2013	30.06.2012
Eignir		
Veltufjármunir		
Ógreiddir styrkir	219.115	0
Bankainnistæður	2.748	499.225
Veltufjármunir samtals:	221.863	499.225
Eignir samtals	221.863	499.225
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
Flutt frá fyrra ári	499.225	308.662
Niðurstaða ársins	-277.362	190.563
	221.863	499.225
Skuldir og eigið fé samtals	221.863	499.225

Skýrsla stjórnar frjálsíþróttadeildar

Pistill formanns

Það er á margt að líta eftir þetta ár 2013 starfsemi deildarinnar var með svipuðu sniði. En deildin heldur út þjálfun á Frjálsíþróttum hér á Sauðárkróki í og keppir á vettvangi frjálsíþróttar í samstarfi við frjálsíþróttaráð UMSS. Og hefur þetta samstarf gengið með ágætum. En með minna fjármagni Frjálsíþróttaráðs UMSS hefur deildin þurft að greiða skráningargjöld keppenda UMFT á einstökum mótum. En keppendur okkar keppa undir merkjum UMSS. Hafa heyrst þær raddir að frjálsíþróttafólk í Skagafirði eigi að stofna sér samtök frjálsíþróttafólks í Skagafirði en hefur sú umræða komið upp öðru hvoru.

Verkefni þessa árs 2014 eru margvísleg en stendur þar hæst að Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina þar mun keppni í frjálsíþróttum vera okkar stærsta keppni en einnig eru önnur mót sem eru spennandi meðal annars Meistaramótin utanhúss o.fl.

Barnastarf deildarinnar hefur verið í lægð undanfarið en á haustmánuðum var ákveðið að byrja með æfingar fyrir börn á aldrinum 7-10 ára en barnastarf deildarinnar hefur ávallt miðast við 11 ára aldur sem er fyrsta aldursflokkaskipting hjá Frjálsíþróttasambandinu. Þessar æfingar hafa verið vel sóttar og hafa um 30-40 börn á þessum aldri sótt æfingar hjá okkur sem er gott mál og er áhugi á að halda þessu áfram hjá deildinni. En þetta krefst þess að við gefum eftir tíma sem við eigum í íþróttahúsinu hjá eldri krökkum. En þau hafa sótt æfingar á þriðjudögum í Varmahlíð og einnig í reiðhöllinni á Sauðárkróki.

Læt þetta duga að sinni

Með kveðju

Sigurjón Leifsson

Formaður Frjálsíþróttadeildar UMFT

Skýrsla Stjórnar

Vetrarstarf frjálsra byrjar í október og stendur til maí þegar aðstæður gefast til að fara að æfa útivið. Vetrarmótin hefjast með bogamóti UFA Innanhúss sem er í nóvember byrjun. Seinna í nóvember er Silfurleikar ÍR innanhúss sem hafa verið stærsta innanhússmót keppnistímabilsins. Jólámót UMSS er haldið fyrir jól. Eftir áramót taka við Meistaramótin innanhúss í 3. aldursflokknum 11-14 ára 15-22 ára og Meistaramót aðalhluti. Einnig má nefna Reykjavíkurlaikana, RIG games. Um vorið er keppt á vormóti UFA og má segja að utanhússtímabilið hefst í júní byrjun. En æft er úti um leið og veður leyfir. Þá taka við utanhússtímabilið sem er einnig í 3 aldursflokkum ásamt bikarkeppni í 2 flokkum 11-15 ára og bikar aðalhluti en þá er keppt undir merkjum norðurlands að því standa eftirtalin félög UMSS- UFA- UMSE- HSP. Toppurinn er svo Unglingalandsmót sem er um verslunarmannahelgina. Þá má ekki gleyma Þristinum sem er keppni UMSS- USAH- USVH og hafa ungir frjálsíþróttakrakkar oft stigið sín fyrstu skref á þessu móti. Svo er endað í ágústlok og er tekið frí frá æfingum og keppni í 1 mánuð.

Árangur ársins 2013

Íslandsmeistararitlar og Unglingalandsmótstitlar 2013

MÍ 15-22 ára Innanhúss

4x200 boðhlaup stúlkur 15 ára. 1:56.23 sek Amalía Sigurrós Stefánsdóttir , Gunnhildur Dís Gunnarsdóttir, Hrafnhildur Gunnarsdóttir, Fríða Isabel Friðriksdóttir

Hástökk stúlkur 16-17 ára 1,63m Þóranna Ósk Sigurjónsdóttir

Hástökk piltar 18-19 ára 1,67m Ísak Óli Traustason

Prístökk Stúlkur 15 ára 10,56m Fríða Isabel Friðriksdóttir

MÍ 15-22 ára Utanhúss

400m piltar 18-19 ára 51,68sek Daníel Þórarinsson

110m grind karlar 20-22 ára 16,55sek Guðjón Ingimundarson

110m grind piltar 18-19 ára 16,25sek Ísak Óli Traustason

400m grind karlar 20-22 ára 60,70sek Guðjón Ingimundarson

Prístökk stúlkur 15 ára 10,56m Fríða Isabel Friðriksdóttir

Kringlukast 1,0kg stúlkur 16-17 ára 30,38m Þóranna Ósk Sigurjónsdóttir

ULM 2013

4x100m boðhlaup stúlkur 16-17 ára 53,18sek Hrafnhildur Gunnarsdóttir, Fríða Isabel Friðriksdóttir, Ragna Vigdís Vésteinsdóttir, Þorgerður Bettína Friðriksdóttir

Þjálfun

Deildin hefur á að skipa úrvalsþjálfarateymi. Yfirþjálfari er Sigurður Arnar Björnsson og þjálfar hann eldri hóp ásamt Vilborgu Jóhannesdóttur. Yngri hóp þjálfar Gestur Sigurjónsson og honum til aðstoðar eru þær Áslaug Jóhannesdóttir og Þorgerður Björnsdóttir. Æfingar eru alla virka daga og er misjafnt hvaða aldursflokkar eru við æfingar. Síðastliðið haust var boðið uppá krakkafrjálsar og hefur verið mjög góð aðsókn á þær æfingar. En vegna plássleysis í íþróttahúsi hafa eldri krakkar sótt æfingar í reiðhöllinni 2 daga vikunnar og einnig hefur þessi hópur sótt æfingar í Varmahlíð á þriðjudögum.

Ársreikningur frjálsíþróttadeildar

Rekstrarreikningur ársins 2013

	2013	2012
Tekjur:		
Æfingagjöld	1.202.250	706.250
Styrkir frá aðalstjórn	2.161.664	2.356.854
Fjáraflanir	949.462	621.049
Vaxtatekjur	75.715	42.458
	4.389.091	3.726.611
Gjöld:		
Kostnaður vegna þjálfunar	3.250.648	2.459.500
Ferðakostnaður	367.919	0
Áhöld og tæki	144.498	0
FRÍ þjónustugjöld	89.000	0
Auglýsingar	61.230	46.280
Mótahald	55.000	45.255
Akstur í Varmahlíð	33.754	0
Framlag í ferðasjóð	0	84.011
Annar kostnaður	26.371	0
Vaxtagjöld	23.715	18.969
	4.052.135	2.654.015
Hagnaður (-tap) ársins	336.956	1.072.596

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

	31.12.2013	31.12.2012
Eignir		
Veltufjármunir:		
Viðskiptakröfur	865.989	289.636
Aðrar skammtímakröfur	4.704	4.704
Handbært fé	2.313.241	2.235.936
Eignir samtals	3.183.934	2.530.276
Skuldir og eigið fé		
Skuldir:		
Ferðasjóður	84.011	84.011
Ýmsar skammtímaskuldir	443.186	126.484
Skuldir samtals	527.197	210.495
Eigið fé:		
Eigið fé frá fyrra ári	2.319.781	1.247.185
Hagnaður ársins	336.956	1.072.596
Eigið fé samtals	2.656.737	2.319.781
Skuldir og eigið fé samtals	3.183.934	2.530.276

Skýrsla stjórnar sunddeildar

Stjórnarstörf:

Aðalfundur Sunddeildar Tindastóls er 20 febrúar 2014.

Uppskeruhátíð sem haldin hefur verið samtímis frestast til maí-júní 2014 þegar sundtímabilinu er lokið.

Þau sem sitja í stjórn eru:

Þorgerður Þórhallsdóttir formaður, Ragna Hrund Hjartardóttir gjaldkeri og stjórnarmennirnir Sigurlaug Dóra Ingimundardóttir, Stefán Ómar Stefánsson og Aðalbjörg Þorgrímsdóttir ritari.

Fundir voru haldnir reglulega, einu sinni í mánuði, og oftast ef um mót eða slíkt var á dagsskrá.

Starfsemi deildarinnar:

16.september byrjuðu sundæfingar eftir sumarfrí.

Ragna Hrund Hjartardóttir og Þorgerður Þórhallsdóttir byrjuðu með sundæfingar í september en Sunneva tók við þegar hún kom heim frá Spáni.

30 krakkar æfa sund hjá sunddeildinni.

Sunneva Jónsdóttir er leiðbeinandi/þjálfari ásamt Guðjóni Ingimundarsyni sem kom í nóvember og þjálfar yngstu krakkana. Höfrungar, 2. - 3. bekkur, eru með æfingar tvisvar í viku og Hákarlar, 4. - 10. bekkur, er með æfingar þrisvar sinnum í viku.

Annað slagið buðum við uppá ávexti og grænmeti eftir æfingar og var það geysi vinsælt.

Uppskeruhátíðin 2013 var haldin í febrúar á Mælifelli og gaf sunddeildin sundiðkendum sundgleraugu að gjöf.

Mót:

Alls tók sunddeildin þátt í fimm mótum 2013, þar af þrjú utan Sauðárkróks.

*KR. Gullmót 8-10 febrúar fór fram í Laugardalslaug í 50 m innilaug fóru 14 keppendur ásamt foreldrum.

30. apríl. Bikarmót Kiwanisklúbbsins Drangeyjar var haldið á Sauðárkróki og mættu Húnar frá Blönduósi.

17.júní. Héraðsmót UMSS var haldið á Sauðárkróki í blíðskaparveðri. Tekið var uppá þeirri nýbreytni á árinu 2013 að bjóða uppá boðsundkeppni sem fyrirtæki og einstaklingar tóku þátt ásamt hefðbundnu móti. Veitt voru verðlaun fyrir flottustu búninga ásamt hefðbundnum keppnisverðlaunum.

4-7. júlí Sunddeild Tindastóls átti fulltrúa á Landsmóti UMFÍ á Selfossi. Sigrún Dóra Karlsdóttir keppti fyrir hönd UMSS.

18.desember jóla- sprettsundmót í Sundlaug Sauðárkróks og fengu krakkarnir viðkenningu og pizzuveislu að móti loknu.

Að vanda stóðu krakkarnir sig vel, bættu árangur sinn og voru félaginu til sóma.

Annað:

2.júní: Afmælishátíð. Sunddeild Tindastóls var 20 ára á árinu 2013 og var mikið fjör í sundlaug Sauðárkróks þennan dag. Boðið var uppá afmælistöku, pylsur og meðlæti, nudd í sundlaug og hljómsveit Ingunnar lék úti við góðar undirtektir gesta.

3-17.júní: Skriðsundnámskeið fyrir fullorðna. Sigurjón Þórðarson leiðbeindi og var það vel sótt.

25.september: Ragnheiður Runólfsdóttir yfirþjálfari frá Óðni á Akureyri, kíkti á sundæfingu hjá báðum hópum og var með góðar ráðleggingar til iðkenda og þjálfara.

Fjárafliar:

Gulrætur voru seldar í september og tókum við 1 bretti og gekk sú sala vel með hjálp foreldra og sundkrakka, einnig blaðaútburður á Dagskránni sem krakkarnir tóku þátt í desember.

Sunddeild Tindastóls þakkar foreldrum og sundiðkendum fyrir aðstoðina.

Tilnefning Sunddeildar Tindastóls:

Sigurjón Þórðarson var tilnefndur sem sundmaður Tindastóls og einnig sem íþróttamaður Tindastóls. Fékk hann viðurkenningu.

Helstu afrek Sigurjón á árinu: Hann keppti á Norðurlandamóti Garpa í Laugardalslaug, Íslandsmóti og ægismóti. Á Héraðsmóti UMSS lenti hann í 1.sæti í öllum greinum og hann vann einnig Grettisbikarinn 500 m.

Að lokum viljum við stjórnarmenn þakka öllum sem komið hafa að rekstri og starfsemi deildarinnar og einnig þeim fjölmörgu sem styrkt hafa sunddeildina á ýmsan hátt á árinu 2013.

Sauðárkróki, febrúar 2014**Stjórn sunddeildar Tindastóls.**

Þorgerður Eva Þórhallsdóttir

Ragna Hrund Hjartardóttir

Aðalbjörg Þorgrímsdóttir

Sigurlaug Dóra Ingimundardóttir

Stefán Ómar Stefánsson

Ársreikningur sunddeildar

Rekstrarreikningur ársins 2013

	2013	2012
Tekjur		
Æfingagjöld	306.000	473.520
Styrkur frá aðalstjórn	1.080.838	1.085.198
Fjáraflanir	294.430	136.348
Vaxtatekjur	91.155	7.048
Samtals tekjur	1.772.423	1.702.114
Gjöld		
Kostnaður vegna þjálfunar	497.602	545.538
Framlag í ferðasjóð	236.436	645.625
Mótahald	357.151	233.355
Uppskeruhátíð	169.282	161.956
Ýmis kostnaður vegna iðkenda	19.330	98.189
Auglýsingar	87.079	95.035
Keypt áhöld og tæki	41.583	104.541
Félagsgjöld	23.000	58.500
Leiðrétt áætluð félagsgjöld frá fyrra ári	0	-69.000
Annar rekstrarkostnaður	31.375	108.000
Vaxtagjöld	19.149	1.940
Samtals gjöld	1.463.437	1.983.643
Hagnaður (-tap) ársins	308.986	-281.529

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

	31.12.2013	31.12.2012
Eignir		
Veltufjármunir		
Handbært fé	1.126.511	960.987
Aðrar skammtímakröfur	185.724	0
	1.312.235	960.987
Eignir samtals	1.312.235	960.987
Skuldir og eigið fé		
Skuldir		
Laun og tengd gjöld	50.699	48.696
Ýmsar skammtímaskuldir	49.064	8.805
Skuldir samtals	99.763	57.501
Eigið fé		
Höfuðstóll frá fyrra ári	903.486	1.185.015
Hagnaður (-tap) ársins	308.986	-281.529
Eigið fé	1.212.472	903.486
Skuldir og eigið fé samtals	1.312.235	960.987

Skýrsla stjórnar skíðadeildar Starfsárið 2012-2013

Starfið hófst að venju strax eftir aðalfund, stjórnin þótti standa sig afburða vel og var því sjálfkjörin áfram. Aðalfundurinn var tíðindalítill þó var tilnefnd skálanefnd og er hún en að störfum.

Ákveðið var að nú væri tímabært að ljúka löngu samningaferli við sveitarfélagið og það hafðist, erum við með 10 ára rekstrarsamning við sveitarfélagið ásamt vilja yfirlýsingu um að að koma að skálabyggingu. Er það virkilega ánægjuleg að þessum áfanga er lokið og ber að fagna því.

Það sem er helst að fréttu af skíðasvæðinu er að við opnuðum 1.des og var opið til 1.maí og það komu 5.704 gestir í heimsókn og var opið í 102 daga. Þetta eru heldur fleiri gestir en árið á undan en við viljum sjá fleiri gesti. Þá fer maður náttúrulega að spá með hvað hætti sé best að fjölga gestum, jú trúlegast má markaðssetja svæðið betur. Spurning er með hvað hætti er best að gera það og hverju má kosta til að auglýsa svæðið.

Þá er það blessaður vegurinn uppeftir sem var reyndar komin á fjárlög 2009 en ekkert hefur gerst í þeim málum, því miður þá er ekki komið bundið slitlag á veginn. Þá spyr maður sig hvers vegna erum við eina skíðasvæðið á Íslandi sem er með leirdrullu á veginum. Það er alveg ljóst að þetta hjálpar ekki við að bæta aðsóknartölurnar. Við verðum að skrönglast uppeftir í grjótinu og leirnum sem var lagt þarna 1999 og hefur ekki fengið viðhald síðan. Vegurinn eins og við þekkjum hann er algjör forarpyttur á vorin einmitt þegar von er á flestum gestum. Jæja nóg um það ég hef skrifað um þennan veg í hverri skýrslu undanfarinn ár þannig að ég læt þetta nægja þar til í næstu skýrslu sem verður þá vonandi þannig að ég skrifa bara um hvað það sé yndislegt að keyra uppeftir á sléttum vegi og ekki þurfi að fara í alþrif með bíl og fólk eftir heimsókn á skíðasvæðið.

Þá er það blessaður skálinn það er sama með hann og veginn ég ætla ekkert að skrifa um hann núna ég sagði hann væri ónýtur í fyrra og merkilegt nokk hann hefur ekkert lagast þannig að ég er sannfærður um að þarna getum við gert betur.

Við höfum verið að skoða leiktæki til að auka afþreyingu og verður spennandi að sjá hvernig það kemur út á komandi vetri þar sem við höfum fjárfest í leiktæki sem hentar vel á skíðasvæðinu. Við höfum stórukið úrvalið á skíðaleigunni og er hún að verða með betri leigum á Íslandi. Það var boðið uppá skíðakennslu og mæltist það vel fyrir þar má eflaust gera betur og eru sóknar tækifæri í því að ég held.

Aðsókn að gönguskíðabrautinni var vægast léleg og spurningin er hvernig við getum fjölgað gönguskíðafólki í Skagafirði. Brettaiðkun hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin ár, því er mikilvægt að mæta þessum hópi og stofna brettadeild.

Reksturinn var viðunandi þó svo að alltaf sé hægt að gera betur. Troðarinn bilað hjá okkur í upphafi vertíðar og lentum við í verulegu basli með að redda varahlutum en þá kom sér að eiga góða að. Ísfirðingar hjálpuðu okkur með varahluti og þess vegna var hægt að koma troðaranum í stand á óvenju skömmum tíma. Troðarinn er orðin gamall og slitinn en er þó óvenju vel með farinn þökk sé góðra starfsmanna í gegnum tíðina og þeirri ákvörðun að byggja skemmu til að hýsa hann. Þá ákváðum við að kaupa troðara af Orkuveitu Reykjavíkur til að rífa niður og nota í varahluti með þessari aðgerð eiga sparast umtalsverðar fjárhæðir, einnig á það að tryggja okkur að við getum notað troðarann okkar í nokkur ár til viðbótar.

Farið var í að bæta lýsingu og á eftir á bæta hana enn frekar, snjógirðingar voru lagfærðar en við eigum en eftir setja upp fleiri. Lónið okkar heldur ekki alveg nógu vel vatni og er það alls ekki nógu gott fyrir framleiðslu á snjó því þarf að lagfæra það.

Þá er komið að því að segja frá starfinu hjá æfingarkrökkunum okkar, það voru um 50 krakkar sem æfðu skíði hjá okkur í vetur og er það virkilega ánægjuleg tíðinni að við skulum heldur bæta í heldur en að missa krakka frá okkur eins og virðist því miður vera gerast á allt of mörgum stöðum. Brottfall úr íþróttum er vandamál sem kemur okkur öllum við og ber okkur að reyna að hlúa að þessum krökkum okkar eins vel og við getum. Það var farið á fjölmörg mót og stóðu krakkarnir sig mjög vel í allan vetur. Við vorum með Sauðárkróks Bakarís mót og Steinullar mót bæði mótin haldin í blíðskaparveðri, það var svo fagmannlega unnið að öllu, að leitun er að öðru eins. Vil ég þakka öllum sem komu að þessum mótum fyrir vel unninn störf einnig fyrirtækjunum fyrir stuðninginn.

Hápunktur vetrarins var svo þegar við fórum með 48 keppendur á Andrésar Andarleikana, var það virkilega gefandi að taka þátt í því. Sjá hvernig börn, fullorðnir og þjálfarar taka þátt í að skemmta sér og öðrum. Við enduðum veturinn með skíðaslútti þar sem afhent voru afreksverðlaun, dregnir út vinningar og slaufað út með grillveislu. Var það eins með þetta og flest annað sem skíðadeildin kemur nálægt þetta skíðaslútt toppaði allt sem hefur verið gert í mannfagnaði á Íslandi undanfarinn 25 ár, eða þannig upplifði ég það og erum við staðráðin í því að bæta í að ári.

Eflaust er ég að gleyma einhverju og einhverjum finnst ég hafa grenjað fullmikið yfir veginum, skálanum og einhverju öðru smávægilegu en það sem stendur nú uppúr er allt það góða starf sem við höfum unnið undanfarin ár, ekki má nú gleyma öllum fundunum og veitingunum hjá Önnu Jónu. Að lokum vil ég þakka stjórninni foreldrum, þjálfurum og æfingarkrökkunum fyrir frábært starfsár og mig er strax farið að hlakka til næsta.

Takk fyrir Sigurður Bjarni Rafnsson.

Ársreikningur skíðadeildar**Rekstrarreikningur tímabilsins 1.9.2012 - 31.8.2013**

	2012-13	2011-12
Tekjur		
Auglýsingar á dagatali	800.000	723.000
Tekjur af skíðasvæði	8.145.567	5.030.678
Æfingagjöld	438.000	660.366
Sauðárkróksbær, rekstrarstyrkur	9.524.580	11.328.969
Tindastóll	965.305	797.851
Vinna v/jólaskreytinga	200.000	200.000
Seldur bíll	500.000	0
Ýmsir styrkir	2.096.388	2.050.000
Vaxtatekjur	28.617	22.655
Tekjur samtals	22.698.457	20.813.519
Gjöld:		
Leiga á skíðalandi	68.929	65.751
Fasteignagjöld	227.730	219.153
Laun og launatengd gjöld.	6.101.700	5.944.985
Þjálfun-, búnaður kostnaður og laun	1.089.951	2.265.028
Rafmagn	1.614.704	1.436.119
Skíðasamband Íslands	61.780	23.837
Heilbrigðisgjald	0	11.626
Viðhaldskostnaður svæðisins	6.052.326	4.711.330
Olíur og eldsneyti	2.242.693	2.340.491
Tryggingar	535.240	445.985
Skoðunargjöld	96.482	104.040
Sími	81.239	66.151
Námskeið	240.390	0
Skidata, miðar og leyfi	0	0
Ritföng, pappír, prentun & auglýs.	464.423	464.513
Tengigjöld, tölvu	98.388	0
Ferðakostnaður	143.395	42.000
Vetrarleikar	0	167.943
Verðlaunapeningar, bikarar	0	23.400
Samtök Skíðasvæða	20.000	56.855
Keppnisgjöld	223.490	42.390
Afskrifaðar kröfur	0	4.320
Gjöld samtals	19.362.860	18.435.917
Hagnaður (- tap) fyrir afskr. og fjármagnsgj.	3.335.597	2.377.602
Fjármagnskostnaður	-154.930	-78.145
Afskriftir	3.199.171	2.839.938
Hagnaður (-tap) ársins	-18.503	-540.481

Efnahagsreikningur 31. ágúst 2013

	31.08.2013	31.08.2012
Eignir		
Fastafjármunir:		
Greidd leiga til Torfa, afskr. 5% pa.	1.100.317	1.158.229
Skíðaskáli, afskr. 5% pa.	896.127	943.292
Skíðasvæðið, afskr 8% pa.	26.176.317	28.452.519
Búnaður skíðaleigu, afskr. 20% pa.	816.639	1.020.799
Troðari	2.689.267	0
Bifreið	1.300.000	0
Fastafjármunir alls	32.978.668	31.574.839
Veltufjármunir:		
Arion banki 301268	134.226	12.050
Arion banki 15475	554.943	2.726.415
Landsbanki Íslands	0	1.880
Sparisjóðurinn	979	0
Kaupfélag Skagfirðinga, innlánsd.	11.603	11.287
Viðskiptakröfur	3.089.699	509.897
Veltufjármunir alls	3.791.450	3.261.529
Eignir samtals	36.770.118	34.836.368
Skuldir og eigið fé:		
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Aðrar skuldir	3.102.542	1.150.288
Skammtímaskuldir alls	3.102.542	1.150.288
Skuldir alls	3.102.542	1.150.288
Eigið fé:		
Höfuðstóll frá fyrra ári	33.686.080	34.226.561
Hagnaður (-tap) ársins	-18.503	-540.481
	33.667.576	33.686.080
Skuldir og eigið fé samtals	36.770.118	34.836.368

Minningarsjóður um Rúnar Inga Björnsson

Númer í sjóðaskrá 1246

Rúnar Ingi Björnsson var efnilegur íþróttamaður hjá UMF Tindastóli. Hann lést við verkamannastörf ungur að aldri. Foreldrar hans stofnuðu minningarsjóð í hans nafni sem hefur styrkt afreksfólk og afrekshópa, bæði til ferðalaga og keppni.

Stjórn sjóðsins samanstendur af formanni UMF Tindastóls, skólastjóra Árskóla og sóknarpresti Sauðárkróskirkju. Umsóknir um styrk úr minningarsjóðinum þurfa að berast formanni UMF Tindastóls. Fyrir aðalfund á hverju ári hittist stjórnin og fer yfir umsóknir. Þær sem eru samþykktar koma til úthlutunar á aðalfundi félagsins.

Á árinu 2013 var úthlutað þremur styrkjum úr sjóðnum. Formaður UMF Tindastóls afhenti styrkina á aðalfundi Tindastóls 13. mars 2013.

Eftirfarandi aðilar hlutu styrk:

1. Knattspyrnudeild, vegna þriðja flokks kvenna fékk styrk að upphæð kr. 100.000 til reglubundinnar keppnisferðar um sumarið.
2. Frjálsíþróttadeild, vegna Jóhanns Björns Sigurbjörnssonar fékk styrk að upphæð kr. 50.000 vegna þátttöku í landsliðsverkefnum í nafni UMF Tindastóls.
3. Körfuknattleiks- og knattspyrnudeild vegna Péturs Rúnars Birgissonar fékk styrk að upphæð kr. 50.000 vegna þátttöku í landsliðsverkefnum í nafni UMF Tindastóls.

Ársreikningur Minningasjóður um Rúnar Inga Björnsson

Rekstrarreikningur ársins 2013

	2013	2012
Tekjur		
Styrkir og gjafir	0	33.800
Tekjur samtals	0	33.800
Gjöld		
Styrkveitingar skv. skipulagsskrá	200.000	200.000
Gjöld samtals	200.000	200.000
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-200.000	-166.200
Fjármunatekjur- og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur og verðbætur	131.150	124.393
Fjármagnstekjuskattur	-26.229	-24.878
Fjármagnsliðir samtals	104.921	99.515
Niðurstaða rekstrar	-95.079	-66.685

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

	31.12.2013	31.12.2012
Eignir		
Veltufjármunir		
Bankainnstæður og sjóðir	3.018.176	3.113.255
Veltufjármunir samtals	3.018.176	3.113.255
Eignir alls	3.018.176	3.113.255
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
Eigið fé í ársbyrjun	3.113.255	3.179.940
Tekjur umfram gjöld	-95.079	-66.685
Eigið fé samtals	3.018.176	3.113.255
Skuldir og eigið fé alls	3.018.176	3.113.255